

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 637/2017 um fjárhæð, álagningu og innheimtu veiðigjalds fiskveiðiárið 2017 (leiðrétting afkomuígilda).

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Veiðigjald hvers nytjastofns, í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla, sem landað er frá og með 1. apríl 2018, skal gert upp á eftirfarandi gjaldi:

Tegund	Veiðigjald kr.	Tegund	Veiðigjald kr.
Blágóma	2,82	Loðna	1,80
Blálanga	9,98	Lýsa	7,59
Búrfiskur	78,73	Makrill	3,35
Djúpkarfi	17,35	Náskata	2,60
Gjölnir	3,25	Rækja	1,74
Grálúða	58,13	Sandkoli	3,04
Grásleppa	9,76	Síld	3,22
Gullkarfi	13,23	Skarkoli	17,14
Gulllax	6,51	Skata	5,86
Háfur	5,21	Skrápflúra	2,60
Hákarl	1,30	Skötuselur	25,59
Hámeri	5,21	Slétti langhali	9,76
Hlýri	16,92	Snarphali	3,04
Humar	20,17	Sólkoli	37,31
Hvítskata	6,72	Steinbítur	12,80
Hörpudiskur	10,19	Stinglax	8,03
Ígulker	8,03	Stóra brosma	3,04
Keila	6,94	Tindaskata	1,52
Kolmunni	1,16	Ufsi	13,23
Langa	11,50	Úthafskarfi	13,23
Langlúra	6,51	Ýsa	25,16
Litla brosma	1,95	Þorskur	21,69
Litli-karfi	7,81	Öfugkjafta	9,11

Veiðigjald annarra nytjastofna en í töflunni greinir er 1,03 kr. á hvert kílógramm óslægðs afla. Veiðigjald fyrir hval er sem hér segir: Langreyður 51.440 kr. og hrefna 8.230 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. mars 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Arnór Snæbjörnsson.